# 88 Um sólarupprás ævi þinnar




1. Um sól - ar - upp - rás æv - i þinn - ar þig árl - a kall - ar Drott - inn þinn, í
2. Um þriðj - u stund - u þig hann kveð - ur er þinn - ar æsk - u sól - in skín, þá
3. Um sjött - u stund til starfs hann kveð - ur er starf hans rík - is geng - ur tregt, þú
4. Um hinst - u stund - u hann þig kall - ar er hnig - in senn er æv - i - sól, þá




ár - dögg skærr - i skírn - ar - inn - ar hann skír - ir þig sem verk - mann sinn og
feg - urð lífs og glys þig gleð - ur ei gleym að Drott - inn sér til þín, í
hef - ur mik - ið hönd - um með - ur en heyr þú: Eitt er nauð - syn - legt, að
deg - i lífs að húm - i hall - ar er hálf - gjört enn það Guð þér fól. Þar




víg - ir þig til vín - garðs - manns að vinn - a fyr - ir__ rík - ið hans.
vín - garð sinn hann vís - ar þér að vinn - a með - an__ dag - ur er.
höndl - a dýrð - ar hnoss - ið það sem hef - ur Guð þér__ á - kvarð - að.
til hin hinst - a dags - brún deyr í Drott - ins nafn - i__ vinn þú meir.

5. Og þegar síðast kvöldið kemur
hann kallar sérhvern verkmann heim,
hann geldur engum öðrum fremur
en öllum saman gefur þeim.
Ó, met sem gjöf en gjald ei það
sem Guðs son hefur verðskuldað.

**T** Valdimar Briem – Sb. 1886
**L** Georg Neumark, 1657 – PG 1861
**H** Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023